

Föstudaginn 18. desember 1987.

Nr. 287/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Erlingi Rúnari Steingrímssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1987 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar, en fyrir Hæstarétti er af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig að refsing ákærða verði 20 daga varðhald.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Erlingur Rúnar Steingrímsson, sæti varðhaldi 20 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar á meðal málssóknarlaun í ríkissjóð 15.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 12. ágúst 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 12. ágúst er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði á Júlíusi Magnússyni, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 3515/1986: Ákærvaldið gegn Erlingi Rúnari Steingrímssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkis-saksóknara dags. 29. janúar 1987 á hendur Erlingi Rúnari Steingrímssyni, Stekkjarhvammi 29, Hafnarfirði, fæddum 28. október 1949 í Reykjavík, fyrir að aka, miðvikudaginn 29. október, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni G-3862 frá Bólstaðarhlíð í Reykjavík um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Háaleitisbraut við Borgarspítalann.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Lögreglunni í Reykjavík barst 29. október 1986 kl. 16:40 tilkynning um að ökumaður á bifreiðinni G-3862 væri sviptur ökuréttindum. Lögreglumenn veittu bifreiðinni athygli þar sem henni var ekið austur Bústaðaveg, síðan suður Háaleitisbraut, þar sem hún var stöðvuð á móts við Borgarspítalann. Þá veittu lögreglumenn því athygli að ökumaður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, Erlingur Rúnar Steingrímsson, fór út úr bifreiðinni og settist farþegamegin, en farþeginn, sem var kvenmaður, settist undir stýri. Lögreglan handtók ákærða, sem viðurkenndi strax að hafa ekið bifreiðinni, þrátt fyrir það að hann væri sviptur ökuréttindum. Fluttu lögreglumenn ákærða á aðalstöð lögreglunnar, þar fyrir rannsóknarlögreglumann sem tók af honum skýrslu. Farþegi í bifreiðinni G-3862 reyndist vera Vilborg Sigurjónsdóttir, til heimilis á sama stað og ákærði. Hún framvísaði ökuskírteini og fékk hún umráð bifreiðar þeirrar er hann ók.

Ákærði játaði brot sitt fyrir lögreglu. Hann kvaðst hafa verið að koma úr húsi í Hlíðunum, nánar tiltekið Bólstaðarhlíð 6. Hann kvaðst hafa ekið um Bólstaðarhlíð, Lönguhlíð, Litluhlíð og Skógarhlíð og út á Kringlumýrarbraut, þar sem hann var stöðvaður af lögreglu. Ákærði játaði að vera sviptur ökuréttindum ævilangt frá því um miðjan september 1984.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1965 11/12 í Reykjavík. Sátt: 200,00 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengis-laga.

1968 5/1 í Reykjavík. Sátt: 3.500,00 kr. sekt fyrir brot á 24. gr. áfengis-laga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 5.1. 1968.

1968 24/1 í Reykjavík. Sátt: 300,00 kr. sekt fyrir brot á 50 gr. umferðarlaga.

1974 29/4 í Hafnarfirði. Dómur: Varðhald í 10 daga fyrir brot á 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengis-laga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 29.4. 1974.

1979 28/2 í Hafnarfirði. Sátt: 25.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

- 1980 1/9 í Hafnarfirði. Sátt: 60.000,00 kr. sekt f. brot g. 6. gr., 25. gr. umfl.
- 1980 30/12 í Hafnarfirði. Dómur: Sýknaður af ákæru f. brot g. 1. og 2. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl.
- 1982 20/1 í Hafnarfirði. Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Svíptur ökuleyfi 12 mán. frá 15/12 1981.
- 1983 15/8 í Hafnarfirði. Sátt: 280,00 kr. sekt f. brot g. 18. gr. umfl.
- 1983 30/9 í Hafnarfirði. Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi 12 mán. frá 15/8 1983.
- 1983 7/2 í Hafnarfirði. Sátt: 5.000,00 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.
- 1984 25/9 í Reykjavík. Dómur: 30 daga varðhald f. brot g. 25. gr. og 27. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá 25/9 1984.
- 1986 3/1 í Hafnarfirði. Sátt: 12.000,00 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 27. gr. umfl.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum telst fullsannað að ákærði hafi framið það brot sem honum er að sök gefið í ákæruskjali og hefur hann staðfest skýrslu sína fyrir lögreglu hér fyrir dómi í dag.

Brot ákærða telst rétt fært undir 1. mgr. 27. gr. umferðarlaganna nr. 40, 1968, sbr. 80. gr. þeirra laga og sbr. lög nr. 54, 1976.

Þegar litið er til sakaferils ákærða sem fram kemur hér að ofan, sérstaklega brot hans gegn 25. gr. og 27. gr. umferðarlaganna á síðast liðnum 5 árum, þykir refsing hans sem ákveðst skv. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, vera hæfilega ákveðin varðhald í 40 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Erlingur Rúnar Steingrímsson, sæti varðhaldi í 40 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.